

Beiðni um skýrslu

frá utanríkisráðherra um kosti og galla aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Frá Ólafi Ísleifssyni, Önnu Kolbrúnu Árnadóttur, Bergþóri Ólasyni,
Birgi Þórarinssyni, Bryndísi Haraldsdóttur, Guðmundi Inga Kristinssyni,
Gunnari Braga Sveinssyni, Ingu Sæland, Karli Gauta Hjaltasyni,
Njáli Trausta Friðbertssyni, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni,
Sigurði Páli Jónssyni og Þorsteini Sæmundssyni.

Með vísan til 54. gr. stjórnarskrárinnar og 54. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að utanríkisráðherra flytji Alþingi skýrslu um kosti og galla aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og þau áhrif sem samningurinn hefur haft hér á landi.

Greinargerð.

Þessi beiðni um skýrslu var áður flutt á 148. löggjafarþingi (478. mál) og er nú endurflutt að mestu óbreytt.

Utanríkisráðherra skipaði í lok ágúst sl. starfshóp sem vinna á skýrslu um aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn). Flutningsmenn ítreka að skýrslubeiðnin snýr að kostum og göllum aðildar Íslands að EES-samningnum. Skýrslunni ber að skila til Alþingis, henni skal útbýtt meðal þingmanna og hún tekin til umræðu á Alþingi. Í ljósi þessa er beiðni um skýrslu endurflutt.

Liðinn er rétt tæpur aldarfjórðungur frá því að EES-samningurinn gekk í gildi á Íslandi, 1. janúar 1994. Samningurinn var undirritaður í Óporto í Portúgal árið 1992 og var lögfestur með lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993.

Sú ákvörðun að staðfesta EES-samninginn var umdeild á sínum tíma og enn eru skiptar skoðanir um árangur af þátttöku Íslands í EES-samstarfinu. Enginn vafi leikur á að samningurinn markaði þáttaskil, enda er hann viðamesti samningur sem Ísland hefur gert á alþjóðavettvangi og snertir flest svið íslensks samfélags. Þá hefur samningurinn haft djúpstæð áhrif á samfélagsþróun á Íslandi.

Nú þegar brátt er liðinn aldarfjórðungur frá því að Ísland tók það skref að gerast aðili að EES-samningnum er full ástæða til að meta á hlutlægan hátt kosti og galla samstarfsins á Evrópuvettvangi, ekki síst í ljósi þeirrar reynslu sem Íslendingar hafa öðlast á þessum tíma. Um leið væri skynsamlegt að bregða birtu á þær áskoranir sem blasa við í framhaldinu. Þar ber hæst fyrirhugaða útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og þau áhrif sem það gæti haft á stöðu EES-samningsins. Bresk stjórnvöld hafa lýst því yfir að Bretland gerist ekki aðili að EES-samningnum. Á sama tíma er Bretland ein helsta viðskiptaþjóð Íslendinga og því mikilvægt að hagsmunir Íslands séu tryggðir við fyrirhugaða útgöngu þeirra úr ESB. Margt er enn óljóst, en þó liggur fyrir að Ísland þarf á næstunni að endurskoða viðskiptatengsl sín við Bretland.

Árið 2010 ákváðu Norðmenn að nauðsynlegt væri að gera upp tæplega tveggja áratuga reynslu sína af aðild Noregs að samningum við ESB. Þar bar EES-samstarfið hæst. Á vegum norska utanríkisráðuneytisins var skipaður starfshópur valinkunnra sérfræðinga til að vinna úttektina. Í skipunarbréfi hópsins var honum m.a. falið að leggja viðtækt mat á samfélagslegar afleiðingar EES-samningsins, t.d. stjórnmálalegar, efnahagslegar og réttarfarslegar, svo og afleiðingar á sviði auðlindanýtingar. Einnig skyldi skoðuð reynslan af Schengen-samstarfinu, sem og önnur samvinna við ESB.

Starfshópurinn sendi frá sér viðamikla skýrslu árið 2012 sem bar heitið *Utenfor og innenfor: Norges avtaler med EU*. Skýrslan var gefin út af norskum stjórnvöldum.¹ Starfshópurinn komst m.a. að þeirri niðurstöðu að enginn milliríkjasamningur sem Noregur hefði gert hefði haft jafn djúpstæð áhrif á norska samfélagsþróun og EES-samingurinn gerði fyrstu tvo áratugina eftir að hann tók gildi. Alvarlegar spurningar vöknudu um skort á lýðræði og afsal á fullveldi Noregs vegna EES-samningsins og Schengen-samvinnunnar. Í ljós kom að áhrif EES-samningsins höfðu náð til miklu fleiri samfélagsþátta en lagt var upp með árið 1992. Enn virðist ekki sjá fyrir endann á þeirri þróun því nú eru miklar umræður í Noregi um frumvarp norsku ríkisstjórnarinnar um aðild landsins að orkulöggjöf ESB en ákvörðun þess efnis að löggjöfin skuli tekin upp í EES-samninginn hefur þegar verið samþykkt af sameiginlegu EES-nefndinni.

Lítill vafi er á að frumkvæði Norðmanna og skýrslan sem varð afrakstur þess er merkt framlag til umræðu um þátt Noregs í samstarfi Evrópuríkja. Það stöðumat sem Norðmenn gerðu árin 2010–2012 gagnast þeim ekki síst vel nú þegar ljóst er að stefnir í verulegar áskoranir á þessu sviði með fyrirhugaðri útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu.

Það er orðið mjög áriðandi fyrir íslenska hagsmuni að gerði verði svipuð úttekt á afleiðingum og virkni EES-samningsins hér á landi. Það væri við hæfi að gera þessa úttekt í ljósi þess að um næstu áramót verða liðin 25 ár frá gildistöku EES-samningsins. Ítarlegt og vandað stöðumat á EES-samningnum yrði aukinheldur verðugt framlag nú þegar Íslendingar minnst 100 ára afmælis fullveldis landsins.

¹ *Utenfor og innenfor. Norges avtaler med EU*. Utredning fra utvalg oppnevnt af Utenriksdepartementet 7. januar 2010 (Europautredningen). Avgitt til Utenriksdepartementet 17. januar 2012. Norges offentlige utredninger 2012 (NOU 2012:2) (www.regjeringen.no/no/dokumenter/nou-2012-2/id669368/).